

1.4 Epilepsia

1.5 Parkinsonismus

1.6 Aðrar mjög mikilvægar ástæður.

2. Leyfi þarf til að ávísa megi þeim lyfjum, er að framar greinir. Sækja skal um slík leyfi til landlæknis. Leyfisumsókn skal fylgja rökstuðningur læknis, sbr. 1. tölulið að framan, og skal auk nafns sjúklings, greint frá fæðingardegi, ári og nafnnúmeri.

Landlæknir gefur út leyfi til tiltekins tíma, allt að 5 árum, í formi lyfjakorts, sem sjúklingur skal framvísa lækni og lyfjabúð.

Landlæknir sendir lyfjaeftirliti ríkisins og lyfsölum tilkynningu um sérhvert leyfi, sem gefið er út eða er afturkallað.

3. Óheimilt er að ávísa í síma lyfjum þeim, er að framan greinir.
4. Innflutningur ofangreindra lyfja er bundinn innflutningsleyfum, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 390/1974. Innflutningsleyfi eru gefin út af lyfjamáladeild ráðuneytisins.
5. Fyrirmæli auglýsingar þessarar um takmörkun lyfjaávisana eiga við afgreiðslu lyfja, hvort sem er innan eða utan sjúkrastofnana.
6. Landlæknir getur afturkallað leyfi til þess að sjúklingi sé ávísað lyfjum þessum, ef hann telur að hlutaðeigandi hafi brotið í bága við fyrirmæli auglýsingar þessarar, villt á sér heimildir eða aðrar mikilvægar ástæður mæla með afturköllun.
7. Læknur og lyfjabúðum er skylt að halda eftir ógildum lyfjakortum sem framvísað er og senda landlækni.

Með brot gegn auglýsingu þessari fer skv. 5. gr. laga nr. 65/1974 um ávana- og fíkniefni.

Fyrirmæli auglýsingar þessarar öðlast gildi þegar í stað til eftirbreytni öllum er hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 230 4. júní 1976 um sama efni.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 1. ágúst 1978.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 320 16. ágúst 1976 um laun innheimtumannanna ríkissjóðs fyrir innheimtu.

1. gr.

6. gr. reglugerðarinnar falli niður.

2. gr.

3. mgr. 7. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Þrátt fyrir gildistöku reglugerðar þessarar skal enginn innheimtumaður ríkissjóðs missa meira en þriðjung þeirra innheimtulauna er hann hefði haft samkvæmt eldri reglum vegna innheimtu á árinu 1977, og vegna innheimtu á árinu 1978 skal enginn innheimtumaður ríkissjóðs missa meira en tvo þriðju hluta þeirra innheimtulauna er hann hefði haft samkvæmt eldri reglum.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 25. gr. laga nr. 92 24. desember 1955 sbr. lög nr. 84 31. maí 1976, öðlast þegar gildi og skulu ákvæði 1. gr. koma til framkvæmda við greiðslu innheimtulauna á árinu 1978 vegna innheimtu ársins 1977.

Fjármálaráðuneytið, 14. ágúst 1978.

Matthías Á. Mathiesen.

Þorsteinn Geirsson.

12. júní 1978.

Nr. 295.

AUGLÝSING**um umferð í Vestmannaeyjum.**

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Vestmannaeyja og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, hafa verið settar eftirfarandi reglur um umferð í Vestmannaeyjum:

1. Legu Dalavegar hefur verið breytt þannig að hann verður nú beint framhald af neðri hluta Strembugötu, þar til hann mætir gamla Dalavegi skammt norðan við Strembu. Allar aðliggjandi götur hafi biðskyldu fyrir hinni nýju akstursleið.
2. Miðstræti hefur biðskyldu fyrir Kirkjuvegi.
3. Hrauntún hefur biðskyldu fyrir Illugagötu.
4. Bifreiðastöður bannaðar norðan megin á Hásteinsvegi.
5. Bifreiðastöður bannaðar vestan megin á Heiðarvegi.
6. Bifreiðastöður verði bannaðar norðan megin á Strandvegi, auk þess að sunnan frá Flötum að Hlíðarvegi.
7. Bifreiðastöður verði bannaðar norðan megin á Kirkjuvegi, frá Heiðarvegi að Illugagötu.

Framangreindar reglur taka gildi 1. júlí n. k.

Lögreglustjórnin í Vestmannaeyjum, 12. júní 1978.

Kristján Torfason.

26. júní 1978.

Nr. 296.

AUGLÝSING**um umferð á Akureyri.**

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968 hefur eftirfarandi verið ákveðið:

Eftirtaldar götur eru aðalbrautir:

1. Hlíðarbraut frá Hörgárbraut að Hlíðarfjallsvegi.
2. Skarðshlíð.
3. Höfðahlíð.
4. Fosshlíð.
5. Smárahlíð.
6. Sindragata.